

STJÓRNARTÍÐINDI A 15 – 1994

Nr. 111

328

28. júní 1994

AUGLÝSING

um að forseti Íslands sé kominn heim og tekinn við stjórnarstörfum.

Forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, er komin úr för sinni til útlanda og hefur á ný tekið við stjórnarstörfum.

Forsætisráðuneytið, 28. júní 1994.

Davíð Oddsson.

Ólafur Davíðsson.

Nr. 112

28. júní 1994

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breytingu á lyfjalögum nr. 93/1994.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra hefur tjáð mér, að við þingmeðferð lyfjalaga nr. 93/1994 hafi verið ákvæðið að fresta gildistöku VII. kafla laganna um stofnun lyfjabúða og lyfsöluleyfi og XIV. kafla laganna um lyfjaverð til 1. nóvember 1995 sbr. 3. tölulið ákvæða til bráðabirgða. Á hinn bóginn láðist að framlengja gildistíma sambærilegra ákvæða í IX. kafla lyfjalaga nr. 108/1984 um verðlagningu lyfja og lyfjaverðlagsnefnd og ákvæða í II., III. og VI. kafla laga um lyfjadreifingu nr. 76/1982 um stofnun lyfjabúða, lyfsöluleyfi og undirstofnanir lyfjabúða. Lyfjalög nr. 93/1994 öðlast gildi 1. júlí 1994. Að óbreyttum þeim lögum munu við gildistöku þeirra engin lagaákvæði gilda um lyfjaverð, stofnun lyfjabúða og lyfsöluleyfi fram til 1. nóvember 1995.

Því ber brýna nauðsyn til að breyta 45. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 þannig að gildistími ákvæða lyfjalaga nr. 108/1984 um lyfjaverð og laga um lyfjadreifingu nr. 76/1982 um stofnun lyfjabúða, lyfsöluleyfi og undirstofnanir lyfjabúða framlengist þar til ákvæði VII. og XIV. kafla laga nr. 93/1994 koma til framkvæmda 1. nóvember 1995.

Fyrir því eru hér með sett svofelld bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar:

1. gr.

Við 2. málsg. 45. gr. laga nr. 93/1994 bætast tveir nýir málslíðir sem verða 3. og 4. málslíður svohljóðandi:

Einnig eru undanskilin ákvæði IX. kafla lyfjalaga nr. 108/1984, 32.-38. gr., ásamt 4. tl. 50. gr. er fjalla um verðlagningu lyfja og lyfjaverðlagsnefnd og ákvæði í II., III.

Steindórsprent Gutenberg hf.